

Alþingi
Erindi nr. P 138/826
komudagur 20.12.2009

Eiríkur Baldur Þorsteinsson
Baugakór 20
203 Kópavogi

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b.t. efnahags- og skattanefndar Alþingis

20. desember 2009

Umsögn um

14. gr., 4. tölul. a-liðar frumvarps til laga um tekjuöflun ríkisins (breyting ýmissa laga, auknar tekjur ríkissjóðs)

256. mál lagafrumvarp 138. löggjafarþingi.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Háttvirta efnahags- og skattanefnd Alþingis,

samkvæmt lögum um hátekjuskatt sem afnumin voru árið 2006 var hátekjuskattur reiknaður af samanlögðum launatekjum hjóna sem voru umfram ákveðin mörk.

Samkvæmt upplýsingum sem undirritaður fékk s.l. sumar hjá fjármálaráðuneytinu stóð til að breyta núverandi hátekjuskatti með haustinu þannig að taka átti tillit til heildartekna hjóna/heimilis í stað þess eingöngu að horfa á tekjur einstaklinga við útreikning á tekjuskatti.

Það stendur að vísu til með yfirvofandi tekjuskattabreytingum að taka tillit til tekna maka í hærri þrepum, en einungis að takmörkuðu leyti, sem að mati undirritaðs er ósanngjörn mismunun og að mati lögfróðra manna mismunun sem hugsanlega jafngildi broti á stjórnarskrá Íslendinga.

Tökum dæmi um tvenn hjón. Í öðru tilvikinu hefur annar makinn 700.000 krónur í mánaðartekjur og hinn 300.000. Í hinu tilvikinu er annar maki heimavinnandi, en hinn er með milljón á mánuði. Samanlagðar tekjur heimilisins eru þær sömu í báðum tilfellum eða tólf milljónir á ári. Hinar nýju skattareglur fela það hins vegar í sér að fyrrnefndu hjónin greiða alls um 250.000 krónum minna til ríkis og sveitarfélags en hin síðarnefndu.

Í síðarnefnda tilfellinu er verið að refsa viðkomandi fyrir að vera heima hjá börnum sínum hvort sem hann/hún kjósi það eða neyðist til þess t.d. vegna þess að barn/börn þeirra þurfa mikla umönnun.

Það hlýtur hver þenkjandi maður að sjá að það sé ekki einungis óréttlátt að miða ekki skattþrepin við heildartekjur heimilisins, heldur einnig órökrétt að halla á heimavinnandi maka með þessum hætti. Það leiðir til þess að þeir fara í auknum mæli að sækja um atvinnuleysisbætur til að brúa bilið sem hærri tekjuskattur myndar í budduna, á sama tíma og verið er að hækka tryggingargjald atvinnuveitanda til atvinnuleysistryggingasjóðs sökum mikils atvinnuleysis.

Undirritaður leggur til að 4. tölul. a-liðar 14. gr. verði breytt á eftirfarandi hátt:

Um hjón eða sambýlissólk sem rekur sameiginlegt heimili gildir að tekjuskattsstofn hvors aðila um sig skuli vera meðaltal samanlagðra tekna þeirra og skal ákvarða tekjuskattsþrep þeirra út frá þeirri upphæð sbr. 1.-3. tölul.

Í dag er fjöldi barnafólks sem býr í óvígðri sambúð en er engu að síður skráð með sitt hvort lögheimilið í þeim tilgangi að þiggja hærri barnabætur og njóta ýmissa afslátta (t.d. af dagvistargjöldum) sem einstæðir foreldrar. Ofangreind breyting myndi hafa þá jákvæðu aukaverkun í för með sér að í þeim tilfellum þar sem ávinningurinn af lægra tekjuskattsþrepi væri meiri en sérfríðindi til einstæðra foreldra myndi barnafólk í sambúð í auknum mæli skrá sig með sameiginlegt lögheimili, sem myndi skila ríkinu minni útgjöldum/auknum tekjum í málum tengdum einstæðum foreldrum.

Með von um undirtektir,



Eiríkur Baldur Þorsteinsson
verkfræðingur og fyrirvinna